

Skólaráðsfundur BES 27. maí 2025

Haldinn á Stokkseyri kl. 14:00

Boðaðir voru:

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólastjóri
Ragna Berg Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Ásdís Ósk Ragnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Ósk Stefánsdóttir, fulltrúi foreldra
Ósk Pálsdóttir, fulltrúi kennara
Magnþóra Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara
Hafðís Sigurjónsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi starfsmanna,
Maggie María Eiden, varafulltrúi nemenda
Francis Mosi Pollock, varafulltrúi nemenda (mætti ekki)

1. Síðasta fundargerð lesin

2. Uppeldisstefna

- a. Skólaþróunar hópur innan skólans hefur verið starfræktur í vetur og fjallað um ólíkar uppeldisstefnur. Á starfsmannafundi voru svo nokkrar stefnur kynntar og starfsfólki skipt í blandaða hópa til að fjalla um ólíkar stefnur og mynda sér skoðun. Niðurstaða þeirrar vinnu leiddi í ljós mikinn áhuga á að taka upp stefnuna “Jákvæður agi”. Í kjölfarið var gerð skoðanakönnun meðal starfsmanna en niðurstaðan leiddi í ljós að 71% starfsmanna leist best á stefnuna “Jákvæður agi”. Næsta skref er að kynna þessa stefnu fyrir nemendum og foreldrum og fá umræðu um innleiðingu uppeldisstefnu. Farið verður í þá vinnu strax á haustmánuðum. Skólinn fékk styrk frá endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir fræðslu og heimsóknunum í aðra skóla/stofnanir. Með uppeldisstefnu er verið að innleiða ákveðin gildi og grunnhugmyndir þar sem allir eru samtaka hvað varðar verkferla og vinnu. Þess má geta að leikskólinn hér við ströndina vinnur með Jákvæðan aga.

3. 37 stunda kennsluvika frá og með 2025-2026

- a. Frá og með næsta skólaári verða nemendur á unglingastigi með 37 kennslustunda vinnuviku. Erindi tekið fyrir á fundi Fræðslu og frístundaneftar 21. maí 2025. Aukið verður við list- og verkgreinakennslu og allir nemendur á unglingastigi fá val 2x í viku. Þeir sem sannarlega stunda tómstundir utan skóla geta sótt um undanþágu á sérstöku eyðublaði frá valgrein einu sinni í viku. Slíkt eyðublað er verið að sameina og samræma innan allra skóla í Árborg.

4. Skólaárið 2024-2025 – helstu verkefni, áskoranir og sigrar

- a. Helstu áskoranir á líðandi skólaári hafa verið vegna húsnæðis og aðbúnaðar á Eyrarbakka auk langtímaveikinda í starfsmannaliðinu. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir gott starf innan skólans. Nemendur hafa tekið þátt í ýmsum verkefnum, keppnum og fleiru og hafa staðið sig með eindæmum vel. Má þar nefna taflmenninguna á mið- og unglingastigi, stærðfræðikeppni á unglingastigi, svakalega lestrarkeppnin og stóra og litla upplestrarkeppnin. Markviss útiöldun og útikennsla hefur átt sér stað í skólanum og þá sérstaklega í 1. - 6. bekk.

Skólakórinn er að stækka og eflast og eru t.d. með tónleika í skólanum í kvöld. Foreldrafélagið hefur verið ötult við að styðja við skólann t.d. með kaupum á ýmsum búnaði; bolta, bókahillu, spil o.fl. Barnabær er nýbúinn og gekk hann með afbrigðum vel og mikil ánægja með daginn. Útivistardagarnir með Járnrakkanum verða á sínum stað síðustu daga skólaársins.

5. Skólaárið 2025-2026 – skipulag

- a. Einhverjar mannabreytingar verða til næsta árs. Við fáum tvo nýja kennara á unglingastig og einn á yngra stig. Búið er að ganga frá ráðningum en ein auglýsing er enn virk á Alfreð en þar erum við að auglýsa eftir fagaðila, svo sem sérkennara, þroskaþjálfara eða iðjuþjálfara. Verið er að raða starfsfólki á verkefni/faggreinar og verður starfsfólk upplýst á starfsmannafundi á morgun um skipulag næstu annar (í kjölfar samtals við aðila). Aðeins verður dregið úr teymiskennslu á unglingastigi vegna húsnæðis og fókusinn settur á faggreinar. Þá fara kennslustundir á unglingastigi úr 35 í 37 kennslustundir og aukið verður við í list- og verkgreinakennslu. Ingvar Sigurgeirsson er búinn að vera hjá okkur í eftirfylgni vegna teymiskennslu en hann var hjá okkur skólaárið 2022-2023 síðast. Hann er að skoða alla anga skólastarfsins allt frá kennslu til húsnæðis. Hann hefur rætt flesta hópa innan skólans og mun skila af sér skýrslu í lok júní.

6. Önnur mál

- a. Styrkir úr sprotasjóði kynntir fundarmönnum.
 - i. Nám í gegnum leik.
 - ii. Ljóðlína til lífs.
- b. Skóladagatal 2025-2026 komið á heimasíðu Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri eftir að hafa fengið umfjöllun í Fræðslu- og frístundanefnd.
- c. Húsnæðismál á Eyrarbakka í vinnslu.

Fundi slitið kl. 14:40